

Nd.

39. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, bætist svo hljóðandi ákvæði til bráða-
birgða:

Við ákvörðun útsvarsskyldra tekna skal draga frá hreinum tekjum þeirra, er hlunninda njóta vegna framlags í nýbyggingarsjóð, samkvæmt 2. efnismálgrein 3. gr. l. nr. 20 1942, sbr. b.- og g.-lið 14. gr. sömu laga, þá fjárhæð, sem lögð hefur verið í sjóðinn á því ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útsvör, sem lögð eru á tekjur ársins 1943.

Greinargerð.

Útgerðarmönnum eru í skattalögum ætluð þau hlunnindi, að skattfrjáls skuli einn þriðji tekna þeirra, ef þeir leggja þann hluta í nýbyggingarsjóð, sem verja ber til báta- og skipakaupa eða annarra útgerðarframkvæmda. Vafalaust mun hafa verið gengið út frá því, að útvegsmenn mundu einnig njóta þessara hlunninda við álagningu útsvara. Misbrestur mun þó hafa orðið á slíku, og er því í þessu frumvarpi lagt til, að með lögum sé tryggt, að svo verði alls staðar framvegis. Samkvæmt frumvarpi þessu er skylt að draga nýbyggingarsjóðstillagið frá tekjum útvegsmanna, áður en útsvar er lagt á tekjurnar.